

# Viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma

## Viðauki 2. Yfirlit yfir verkþætti

### Tilkynning og fyrstu viðbrögð

<b>Dýraeigandi/umráðamaður</b>	<b>Sjálfstætt starfandi dýralæknir</b>	<b>Starfsmaður MAST sem móttekur tilkynningu um grun</b>	<b>VIÐ-teymi</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>Tilkynnir grun um smitandi dýrasjúkdóm til sjálfstætt starfandi dýralæknis eða MAST.</li><li>*Símanúmer MAST kl. 9-12 og 13-15 virka daga: 5304800. *Upplýsingar um símanúmer dýralækna á vakt: <a href="https://www.mast.is/is/dyr-aeigendur/dyr-i-neyd/dyralaeknir-a-vakt">https://www.mast.is/is/dyr-aeigendur/dyr-i-neyd/dyralaeknir-a-vakt</a></li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Upplýsir dýraeiganda/ umráðamann um gruninn</li><li>Gefur dýraeiganda/umráðamanni fyrstu fyrirsmæli um smitvarnir</li><li>Tilkynnir um gruninn til MAST</li><li>Tekur við og fylgir fyrirsmælum MAST um frekari smitvarnir</li><li>Fer ekki af staðnum nema að fengnu leyfi MAST, ef um mjög smitandi sjúkdóm er að ræða</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Sér til þess að tilkynningin berist án tafar til fyrirliða VIÐ-teymisins. Komi upp vafi um hver fyrirliði teymisins er kemur starfsmaður MAST tilkynningunni til sérgreinadýralæknis smitsjúkdóma og faraldsfræði eða yfirdýralæknis.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Fyrirliði teymisins gengur úr skugga um að viðeigandi fyrirsmæli um fyrstu ráðstafanir til að hindra dreifingu smitsins hafi verið gefin.</li><li>Fyrirliði kallar teymið til fundar og það ræðir saman um næstu skref. Ef fyrsti grunur vaknar í sláturhúsi eru sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits og fagsviðsstjóri búfjárafurða einnig boðaðir á fundinn.</li><li>Teymið skiptir með sér verkum varðandi tilkynningar um málið og miðlun upplýsinga um fyrstu smitvarna-</li></ul>

			<p>ráðstafanir, til eftirfarandi aðila eftir því sem við á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Eiganda/umráðamanns</li> <li>• Allra dýralækna</li> <li>• Aðila í nærsamfélaginu</li> <li>• Aðila innan MAST</li> <li>• Aðila í stjórnsýslunni</li> <li>• Aðila í landinu</li> <li>• Erlendra aðila</li> </ul>
--	--	--	---

## Smitvarnaaðgerðir

<p><b>VIÐ-teymi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefur nánari fyrirmæli um smitvarnir til viðkomandi aðila, sem eru eftir atvikum: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Dýraeigandi/umráðamaður</li> <li>• Sjálfstætt starfandi dýralæknir</li> <li>• Sláturleyfishafi (ef um er að ræða dýr í sláturhúsi)</li> <li>• Réttarstjóri (ef um er að ræða sauðfé við smölun eða í réttum)</li> <li>• Sveitarfélag (ef um er að ræða hálfvilt dýr)</li> </ul> </li> <li>• Tekur ákvörðun um tillögur að nauðsynlegum varúðarráðstöfunum miðað við aðstæður og um hvaða</li> </ul>	<p><b>Eftirlitsdýralæknir/ dýraeftirlitsmaður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ef ákvörðun um varúðarráðstafanir felur í sér lokanir, fer starfsmaður MAST á staðinn til að setja upp borða og skilti og annað sem þarf til að koma í veg fyrir umferð án leyfis. Hann tekur einnig með sér þann smitvarnabúnað sem til þarf, svo sem búnað til sótthreinsunar á farartækjum</li> <li>• Ef sjálfstætt starfandi dýralæknir er á staðnum og getur sinnt því sem þarf að gera þar, fer starfsmaður MAST ekki inn fyrir skilgreint bannsvæði, en</li> </ul>	<p><b>Dýraeigandi/umráðamaður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur við og fylgir fyrirmælum sjálfstætt starfandi dýralæknis og MAST um smitvarnir</li> <li>• Veitir aðstoð við þær smitvarnaaðgerðir sem fyrirskipaðar eru ef MAST óskar eftir því</li> </ul>	<p><b>Sjálfstætt starfandi dýralæknir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur við og fylgir fyrirmælum MAST um smitvarnir</li> <li>• Veitir aðstoð við þær smitvarnaaðgerðir sem fyrirskipaðar eru ef MAST óskar eftir því</li> </ul>
---	--	---	--

<p>sjúkdóm er hugsanlega að ræða. Þetta getur m.a. falið í sér eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Allsherjar flutningsbann</li> <li>• Flutningsbann á tilteknu svæði</li> <li>• Skilgreining á bann-, verndar- og eftirlitssvæðum, stærð þeirra og lega</li> <li>• Takmarkanir sem skulu gilda á bann-, verndar- og eftirlitssvæðum, þ.m.t. lokanir og smitvarnir</li> <li>• Smölun afrétta</li> <li>• Sendir tillögu um aðgerðir til ráðherra</li> <li>• Metur hvort þörf sé á aðstoð lögreglu varðandi aðgerðir og hefur samband við hana ef svo er</li> <li>• Metur hvort þörf sé á smölun afrétta og hefur samband við sveitarstjórn ef svo er</li> </ul>	<p>hefur umsjón og eftirlit með smitvörnum utan þess</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ef sjálfstætt starfandi dýralæknir er ekki á staðnum fer starfsmaður MAST sjálfur inn á búið og sinnir því sem þarf</li> </ul>		
---	--	--	--

## Rannsóknir

<p><b>VIÐ-teymi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur samband við Keldur og ráðfærir sig við sérfræðinga þar um hvernig sýni skuli taka</li> </ul>	<p><b>Sjálfstætt starfandi dýralæknir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur sýni samkvæmt beiðni MAST</li> </ul>	<p><b>Eftirlitsdýralæknir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fer með sýnatökubúnað á staðinn til sjálfstætt starfandi dýralæknis samkvæmt beiðni</li> </ul>	<p><b>Dýraeigandi/umráðamaður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðstoðar við sýnatökur ef MAST óskar eftir því</li> </ul>
---	---	---	--

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ef dýralæknir er á búinu/staðnum gefur teymið honum fyrirmæli um sýnatökur</li> <li>• Ef dýralæknir er ekki á búinu/staðnum fer eftirlitsdýralæknir á staðinn og tekur sýni</li> <li>• Gefur eftirlitsdýralækni fyrirmæli um að fara á staðinn með sýnatökubúnað ef þarf</li> <li>• Skrifar og sendir rannsóknarbeiðni til Keldna</li> <li>• Aflar faraldsfræðilegra upplýsinga hjá dýraeiganda, sjálfstætt starfandi dýralækni og öðrum eftir því sem við á</li> <li>• Óskar eftir aðstoð sjálfstætt starfandi dýralækna og/eða starfsfólks umdæmisstofu við öflun faraldsfræðilegra upplýsinga</li> <li>• Vinnur úr faraldsfræðilegum upplýsingum</li> <li>• Tekur við niðurstöðum rannsókna frá Keldum og kynnir þær fyrir öllum viðbragðsaðilum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leggur fram sjúkrasögu og niðurstöðu klínískrar skoðunar</li> </ul>	<p>VIÐ-teymisins. Fer ekki inn á skilgreint bannsvæði ef um bráðsmitandi sjúkdóm er að ræða nema nauðsyn krefji</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur við sýnum frá sjálfstætt starfandi dýralækni og kemur þeim til Keldna</li> <li>• Ef sjálfstætt starfandi dýralæknir er ekki á staðnum tekur eftirlitsdýralæknir sýni samkvæmt beiðni VIÐ-teymisins. Ef um bráðsmitandi sjúkdóm er að ræða sækir annar starfsmaður MAST sýnin og kemur þeim til Keldna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útvegar upplýsingar vegna faraldsfræðilegrar rannsóknar</li> </ul>
---	--	---	---

## Mannskapur og búnaður

<b>VIÐ-teymi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Metur þörf fyrir mannskap og búnað og kannar hvað er til og hvað ekki</li><li>• Ef þörf er á viðbótar búnaði sendir teymið beiðni til sviðs samhæfingar og þjónustu um að útvega það sem vantar</li><li>• Ef þörf er á aðstoð sjálfstætt starfandi dýralækna kallar yfirdýralæknir þá til starfa</li><li>• Ef þörf er á annars konar aðstoð sér teymið um að útvega hana</li></ul>	<b>Svið samhæfingar og þjónustu</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Útvegar búnað samkvæmt beiðni VIÐ-teymisins</li></ul>	<b>Dýraeigandi/umráðamaður</b> <p>Leggur til þann mannskap og búnað sem hann hefur tiltækan samkvæmt beiðni MAST</p>	<b>Héraðsdýralæknar</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Sjá til þess að allur nauðsynlegur búnaður sé til staðar í umdæminu (að viðbragðskistur séu uppfærðar)</li></ul>	<b>Sjálfstætt starfandi dýralæknir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Kemur til aðstoðar ef yfirdýralæknir hefur óskað eftir því</li></ul>
---	---	--	--	---

## Upplýsingamiðlun og skjalavistun

<b>VIÐ-teymi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Stofnar mál í málakerfi MAST og tryggir að öll gögn séu vistuð þar</li><li>• Stofna logbók (minnisblað) í málinu þar sem allir starfsmenn MAST sem að málinu koma skrifa sín verk með dagsetningu og tíma</li><li>• Skrifar fréttatilkynningar eða óskar eftir aðstoð fræðslustjóra við það</li></ul>	<b>Fræðslustjóri</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Aðstoðar VIÐ-teymið við skrif á fréttatilkynningum</li><li>• Birtir fréttatilkynningar</li><li>• Stýrir samskiptum við fjölmiðla</li></ul>
--	---

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur ákvörðun um hver af meðlimum teymisins skuli annast fjölmiðlasamskipti</li> <li>• Heldur fundi um endurskoðun atburða</li> <li>• Skrifar lokaskýrslu um málið</li> </ul>	
---	--

## Aðbúnaður fólks

<p><b>Svið samhæfingar og þjónustu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur við beiðnum frá þeim sem vinna að málinu og þurfa á þjónustu að halda varðandi þöntun á flugi, gistingu, bílum, vinnuástöðu o.s.frv.</li> </ul>	<p><b>Mannauðsstjóri</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur umsjón með að útvega lækni- og sálfræðiaðstoð eftir þörfum</li> </ul>
---	---

## Aflífun

<p><b>VIÐ-teymi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Metur hvort aflífa þurfi dýr</li> <li>• Ákveður hvaða aðferðir skuli notaðar</li> <li>• Metur þörf fyrir mannskap og búnað</li> <li>• Skipuleggur aðgerðir</li> <li>• Ef þörf er á aðstoð sjálfstætt starfandi dýralækna kallar yfirdýralæknir þá til starfa</li> </ul>	<p><b>Svið samhæfingar og þjónustu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útvegar búnað samkvæmt beiðni VIÐ-teymisins</li> <li>• Hefur umsjón með gerð samninga við dýralækna og annað aðstoðarfólk</li> </ul>	<p><b>Sjálfstætt starfandi dýralæknar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kemur til aðstoðar ef yfirdýralæknir hefur óskað eftir því</li> </ul>	<p><b>Dýraeigandi/umráðamaður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðstoðar við aflífunina eða útvegar starfsfólk til að aðstoða ef MAST óskar eftir því</li> </ul>
--	--	--	---

## Þrif og sótthreinsun

<b>VIÐ-teymi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Ákveður og gefur fyrirmæli um hvernig staðið skuli að þrifum og sótthreinsun</li></ul>	<b>Dýraeigandi/umráðamaður</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Sér um að þrif og sótthreinsun sé framkvæmd samkvæmt fyrirmælum MAST</li></ul>	<b>Eftirlitsdýralæknir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Hefur eftirlit með framkvæmd þrifa og sótthreinsunar og tekur þrifin út</li></ul>
---	---	--

## Förgun úrgangs

<b>VIÐ-teymi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Aflar upplýsinga um eðli og magn úrgangs</li><li>• Skrifar í samráði við sérgreinadýralækni aukaafurða dýra tillögu að meðhöndlun og förgun úrgangsins</li><li>• Kynnir tillögu að meðhöndlun og förgun úrgangsins fyrir Umhverfisstofnun og óskar eftir samþykki hennar</li><li>• VIÐ-teymið hefur samband við förgunarstað og útvegar flutning á úrganginum</li><li>• VIÐ-teymið veitir leiðbeiningar um smitvarnir við flutninginn</li></ul>	<b>Eftirlitsdýralæknir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Hefur eftirlit með flutningi og förgun úrgangsins samkvæmt fyrirmælum VIÐ-teymisins</li></ul>	<b>Dýraeigandi/umráðamaður</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Veitir aðstoð eða útvegar aðstoð við að fjarlægja úrgang og koma honum á förgunarstað ef MAST óskar eftir því</li></ul>
--	--	--